

287. fundur

Föstudaginn 25. mars 2022, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sátu Arnar Freyr Einarsson, MAR og Hálfván Óskarsson, áheyrnarfulltrúi, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur

Lagt fram erindi SAM þar sem óskað er staðfestingar á skilgreiningu á efnainnihaldi lágmarksverðs til framleiðenda samkvæmt 8. gr. búvörulaga 99/1993. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð miðast við, reiknast út frá veginni samsetningu móttækinnar mjólkur sl. 36 mánuði. Niðurstaða útreikninga er að meðalefnainnihald á árunum 2019-2021 var 4,21% fita og 3,39% prótein. Lágmarksverð mjólkur til framleiðenda miðast við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% samkvæmt próteininnihaldi. Viðmiðunarinnihald pr. lítra meðalmjólkur verður því 4,21% fita og 3,39% prótein. Staðfest.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagðar voru fram tvær útgáfur verðlagsgrundvallar kúabús fyrir mars mánuð, með og án reiknaðrar verðhækkunar áburðar, sem jafnan er reiknuð í júní. Verðgögn lágu þegar fyrir við gerð verðlagsgrundvallar mars mánaðar enda var verðkönnun Hagstofu Íslands á áburði flýtt vegna mikilla hækkana og umræðu. Verðhækkun áburðar er reiknuð 87% milli ára. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar án áburðar hækkðu um 2,21% frá desember 2021 til mars 2022. Hækkun gjaldaliða er 6,60% á sama tímabili, sé verðhækkun áburðar talin með. Umræður. Í byrjun mars var greitt úr ríkissjóði sérstakt álag á jarðræktarstyrki og landgreiðslur, m.a. til að koma til móts við miklar verðhækkningar á áburði. Alls nemur fjárframlag 650 m.kr. Stuðningur sem álag er greitt út á miðast við hektara og geta álagsgreiðslur bænda verið misháar. Ákveðið að ráðuneyti taki saman greiningu á álagsgreiðslum og þýðingu fyrir mjólkurframleiðendur auk lögfræðilegs álits á hvort skuli horfa til sérstakra stuðningsgreiðslna við verðákvörðanir nefndarinnar. Tekin verður verðákvörðun á næsta fundi.

3. Mjólkurduft – minnisblað RÁ

Lagt var fram minnisblað Ragnars Árnasonar til verðlagsnefndar um verðlagningu á mjólkurdufti. Málið hefur verið til umræðu innan nefndarinnar síðan í maí 2019, vegna erindis Samtaka Iðnaðarins um leiðir til að lækka verð á mjólkurdufti og smjöri til iðnaðarframleiðslu. Farið var yfir ýmsar staðreyndir og vandamál sem snúa að samspili mjólkurdufts og annarra mjólkurvara, er varðar verðlagningu, afurðaverð, framleiðslu og framleiðslukostnað. Þá var reifað hvernig umgjörð mjólkurduftframleiðslu er háttað erlendis, einkum í Noregi og ESB. Loks var hugmynd að úrlausn sem felur í sér verðtilfærslur og opinberan stuðning kynnt.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 30. mars 2022.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00.